

	Tilkynning til fjölmiðla EBL 7.2.1	Kaflaheiti: 7. Neytendavernd
		Útgefið dags. 17.09.2018 Endurskoðað. 15.02.2019
		Útgáfa nr.2
		Samþykkt: Hrafnhildur Eva

Fréttatilkynning til fjölmiðla og MAST

Fréttatilkynning

Innköllun á Hrásalat í 400g pakkningu frá Þykkvabæ ehf.

Þykkvibær ehf. hefur ákveðið að taka úr sölu og innkalla Hrásalat í 400g pakkningu þar sem majónes í vörunni inniheldur sinnepsduft án þess að það komi fram á umbúðum vegna mistaka sem áttu sér stað í prentun umbúða. Sinnep er á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda og ber að merkja með skýrum hætti á umbúðir matvæla. Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem eru ekki með ofnæmi fyrir sinnepi.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: Þykkvibær ehf.

Vöruheiti: Hrásalat

Strikanúmer: 5690599003473

Nettómagn: 400g

Best fyrir dagsetningar: 14.02.2019-07.03.2019.

Framleiðsluland: Ísland.

Dreifing. Verslanir um allt land

Þykkvabær hefur brugðist við þessu og er verið að fjarlægja vöruna úr hillum verslana. Neytendur sem eru með ofnæmi fyrir sinnepi og keyptu vöruna með ofangreindum upplýsingum eru beðnir um að farga vörunni, skila henni í búðina sem hún var keypt eða skila henni í Þykkvabæ ehf, Austurhrauni 5, 210 Garðabæ.

Þykkvibær ehf. biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu getur skapast.

Frekari upplýsingar veitir Þykkvibær ehf. í sími 564-1155 eða netfang

thykkvabaejar@thykkvabaejar.is